

**Ed.**

### **399. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

#### **1. gr.**

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og átsúkkulaði hálftr aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi:  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds. d-liður sömu greinar orðist svo:

Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, limonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins  $\frac{1}{6}$  aðflutningsgjalds.

#### **2. gr.**

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

#### **3. gr.**

6. gr. laganna hljóði svo:

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.

Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

#### **4. gr.**

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

#### **5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.